



# Verklagsreglur um úthlutun sjónvarpsrása á UHF samkvæmt sátt Fjarskipta við Samkeppniseftirlitið 9.október 2017

Dagsetning: 21.janúar 2018

## UHF 99% landsdekkandi dreifing til minni sjónvarpsstöðva

Samkvæmt sátt Fjarskipta hf. og Samkeppniseftirlits dags. 09.10.2017 er veitt vilýrði fyrir allt að þrjár rásir og af þeim er möguleiki fyrir einni rás í opinni dreifingu án bindingu við myndlykil, svo kölluð Free to Air þjónusta. Með minni sjónvarpsstöð er átt við ljósvakamiðil sem er með ársveltu undir kr. 500.000.000,- á ári, ein og sér eða á samstæðugrundvelli, eftir því sem við á, og sem stendur fyrir eigin dagskrágerð með innlendu fréttu- og menningarefni.

Þjónustusamningar eru gerðir eitt ár í senn og gilda fyrir dreifingu frá 1. ágúst til 1. ágúst ár hvert.

A) Lágmarksboð per mánuð fyrir 99% dreifingu í ólæstri dagskrá inn á myndlykil Kr. 240.000, án vsk

B) Lágmarksboð per mánuð fyrir 99% dreifingu í opinni dagskrá án myndlykils Kr. 735.000, án vsk

Dreifing á dagskrárefni á UHF kerfi Vodafone er að jafnaði 2,5 Mbps fyrir SD útsendingu. Vodafone sér um að endurkóða strauminn svo að hann falli að dreifingu á UHF, DVB-T2 þjónustu Vodafone. Á þessari stundu er sú dreifing fyrirhuguð með MPEG4 staðli en gæti breyst með tækniþróun. Samhliða dreifingu á UHF mun Fjarskipti hf einnig dreifa umræddum sjónvarpsstöðvum yfir IPTV dreifikerfi Fjarskipta.

### Árleg úthlutun DVB-T2 sjónvarpsrása:

Í apríl ár hvert fram fram umsóknarferli vegna úthlutunar sjónvarpsrása frá og með 1.ágúst ár hvert, sem gildir í 12 mánuði í senn. Umsækjendur sækja um dreifingu með skriflegri umsókn á bilinu 1.-30.apríl (skal móttækin í síðasta lagi 30.apríl). Umsækjendur skulu bjóða í dreifinguna og er lágmarksboð ofangreint verð, öll boð verða opnuð samtímis við tímasetta athöfn þar sem umsækjendur geta verið viðstaddir, og verður hæstu boðum tekið, og gerður staðlaður dreifingarsamningur við viðkomandi aðila á grundvelli útboðs.

Á bilinu 1.-10.maí skal Fjarskipti hf úthluta rásunum til umsækjenda sem boðið hafa hæstu verð. Sé ekki sótt um einhverja af rásunum þremur, áskilja Fjarskipti hf sér rétt til að nýta umrædda rás tímabundið til annarra sjónvarpsveitna. Fjarskipti hf munu þó alltaf meta sanngjarnar og eðlilegar beiðnir um tímabundinn aðgang þar til næsta úthlutun fer fram.

Kaupanda er óheimilt að framselja réttindi og skyldur dreifingarsamnings á grundvelli ofangreindrar úthlutunar án skriflegs samþykkis.

Kaupandi þarf að uppfylla eðlilegar og sanngjarnar kröfur Fjarskipta hf, t.d. er varðar greiðslur og vanefndir.

### Sérstök ákvæði verklagsreglna vegna fyrri hluta árs 2018:

N4 hafa nú þegar úthlutaða rás með opið á myndlykli á 99% dreifingu samkvæmt dreifingarsamningi við Fjarskipti hf. Mun sá samningur halda gildi sínu, en á lágmarksverði samkvæmt ofangreindu, fram að næsta tímabili (frá 1.ágúst 2018).

Fjarskipti hf vinna nú að því að losa pláss fyrir tvær sjónvarpsrásir til við bótar á 99% dreifingu til að uppfylla kvaðir sáttar við SE. Mun önnur rásin verða laus frá og með 1.febrúar.

Fjarskipti hf munu auglýsa umsóknarferli fyrir eina rás samkvæmt sáttinni á bilinu 15.-25. Janúar og afhenda hana frá og með 1.febrúar til 1.ágúst, en þá dettur rásin inn í árlega ferlið.

Þriðju rásina mun Fjarskipti svo losa frá 1.mars og auglýsa þá aftur á bilinu 1.-20.febrúar og afhenda þá rás frá og með 1.mars til 1.ágúst, þegar rásin dettur inn í árlega ferlið.